

# HÚSÖNDIN

31. tbl. 3. árg.  
2. september 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 3. - 9. SEPTEMBER

4.9. Sigurlína Helgadóttir, Jón Haraldur Helgason, Pawel Gawlik

7.9. Einar Jónsson, Heimir Knaran Sigurbjörnsson

9.9. Pálmi John Þórarinsson



## SOLLAMATT.IS

## LJÓSMYNDARI

*STAÐSETT Á LAUGUM*



Kæru Mývetningar

Hér er örlítill uppfærsla á opnunartíma Jarðbaðanna, áður auglýst í Húsönd síðustu viku:



Jarðböðin aðlaga sig að breyttum aðstæðum vegna Covid og því verður opnunartími vetrarins með breyttu sniði.

Frá og með 1. september næstkomandi verður opið alla virka daga frá 16:00 - 21:00 og 12:00 - 21:00 laugardaga og sunnudaga. Þetta gildir þar til annað verður auglýst.

Við kynnum einnig nýjung í kortum hjá okkur; vetrarkort sem gilda 1. september - 31. maí. Alveg brílljant fyrir þá sem kjósa að baða sig frekar á veturna en sumrin 😊

Bestu kveðjur frá okkur öllum í Jarðböðunum

Fasteignasalan Bjargfast er með í sölumeðferð **Lynghraun 2** í Reykjahlíð

Húsið er einnar hæðar timburhús 85,2 m<sup>2</sup> klætt að utan með flísum. Sjá einnig **mbl.is fasteignir**



Til þess að fá frekari upplýsingar um eignina eða bóka skoðun, hafið samband við Skúla Sigurðarson löggiltan fastignasala í síma [898 7209](tel:8987209) skuli@bjargfast.is eða Þórarinn Kópsson löggiltan fasteignasala í síma [615 3343](tel:6153343) thorarinn@bjargfast.is

2 metrar



## Munið 2 kinda regluna

- Við erum öll almannavarnir

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Mig langar að halda áfram að birta nöfn þeirra sem eiga afmæli. Því miður hef ég ekki aðgang að nýrri íbúaskrá. Þær upplýsingar sem ég hef eru að verða 3 ára gamlar og þykir mér það mjög miður ef einhver hefur þess vegna ekki verið með í blaðinu og biðst ég afsökunar á því.

Ég vil því biðja alla nýja íbúa sem vilja (og foreldra þeirra) að senda mér línu á **husondin@gmail.com** með nafni og afmælisdegi.

Ég vil einnig biðja þá sem af einhverjum ástæðum vilja ekki vera með að senda mér póst um það. Eins langar mig að biðja ykkur að segja nýjum íbúum frá þessari hefð hérna í sveitinni.

Húsöndin mun koma héðan í frá út á þriðjudögum. Skilafrestur auglýsinga er til kl. 15 á mánudögum. Húsöndin mun berast í netpósti á mánudagskvöldum. Þeir sem ekki eru nú þegar komnir á póstlistann geta skráð sig á [husondin@gmail.com](mailto:husondin@gmail.com). Þá má alltaf nálgast Húsöndina á: [www.gjallandi.is](http://www.gjallandi.is)

Bestu kveðjur, Arnþrúður



# Góðir Mývetningar

Nú eru fordæmalausir tímar og vegna fjöldatakmakana á samkomum vegna covid 19 þá verðum við að halda réttardaginn okkar, sem að öllu jöfnu er einn mesti hátíðisdagur í sveitum landsins, með öðrum hætti en vanalega. Hér á eftir fara nokkrar reglur sem við viljum biðja fólk að virða þetta haustið á Hlíðarrétt og Baldursheimsrétt.

Vegna fjöldatakmakana er mælt til þess að gestir komi ekki til réttarstarfa. Björgunarsveitin Stefán mun verða með gæslu til að tryggja það að við réttarstörf séu ekki fleiri en 100 manns. Ungmenni fædd 2005 og síðar teljast ekki með í fjölda. Einungis þeir sem eiga fjárvon í réttunum eða eru þar til að aðstoða við réttarstörf er heimilt að koma í réttirnar.

Það eru vinsamleg tilmæli að frá hverjum fjáreiganda sem sleppti fé á austurafrétt í vor mæti ekki fleiri en 9 einstaklingar, 16 ára og eldri, til Hlíðarréttar.

Það eru vinsamleg tilmæli til allra sem taka þátt í göngum og réttum þetta haustið að þeir hlaði niður smitrakningarappi almannavarna. Tryggja þarf eins og best verða má að hægt sé að virða nándarmörk hvers einstaklings eftir því sem aðstæður leyfa. Samskiptum milli hópa/bæja skal haldið í lágmarki.

Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á eigin athöfnum og munum að: „Við erum öll almannavarnir“.

Böðvar Pétursson formaður landbúnaðar og girðingarnefndar

Halldór Árnason réttarstjóri Hlíðarrétt

Eyþór Pétursson réttarstjóri Baldursheimsrétt

